

**Ed.**

#### **4. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvønns konar verði og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfiliðu neyzlumagni vörunnar, að dómi ríkisstjórnar, skal vísitalan eingöngu miðuð við lægra verðið.

**2. gr.**

Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er áður en venjuleg haustslátrun hefst og á kartöflum, sem tekna eru upp fyrir venjulegan uppskerutíma, skal eigi hafa áhrif á dýrtíðarvísitölu.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a :**

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinna, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

#### **Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.**

#### **FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að með því að Alþingi eigi ekki að koma saman fyrr en 1. október þ. á., en ákvæði laga nr. 58 3. mars 1945 gildi eigi lengur en til 15. sept. þ. á., verði að gera ráðstafanir með bráðabirgðalögum, ef halda eigi í skefjum verðlagsvísitölu, þar til er Alþingi getur gert ráðstafanir sínar í þá átt. Enn fremur telur hann nú þegar brýna þörf á ákvæðum, er fyrirbyggi það, að verðlag á kjöti af sauðfé og kartöflum, framleiddu fyrir venjulegan framleiðslutíma, hafi áhrif á vísitöluna.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því, að hafðar séu hömlur á verðlagsvísitolunni, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskráinnar á þessa leið:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvønns konar verði og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfiliðu neyzlumagni vörunnar, að dómi ríkisstjórnar, skal vísitalan eingöngu miðuð við lægra verðið.

2. gr.

Verðlag á kjöti af sauðfí, sem slátrað er áður en venjuleg haustslátrun hefst og á kartöflum, sem tekna eru upp fyrir venjulegan uppskerutíma, skal eigi hafa áhrif á dýrtiðarvisitölu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 2. ágúst 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.*